

Magnús Ólafsson
88/20



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

ÖXARFJÖRÐUR -1988-
Efnasamsetning vatns

Magnús Ólafsson

Greinargerð, MÓ-88/20, Nóvember 1988

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

ÖXARFJÖRÐUR -1988-
Efnasamsetning vatns

Magnús Ólafsson

Greinargerð, MÓ-88/20, Nóvember 1988

ÖXARFJÖRÐUR - 1988 - Efnasamsetning vatns

Inngangur

Á árinu 1988 hafa verið tekin nokkur sýni af heitu, volgu og köldu vatni í Öxarfirði. Sýnatakan var liður í fiskeldisverkefni, sem unnið var í samvinnu Orkustofnunar og heimamanna. Í þessari greinargerð verður greint frá niðurstöðum efnagreininga á sýnum frá þremur eftirfarandi stöðum:

- Borholum við Skógalón
- Borholum á Núpsmýri
- Lindum við Sigtún

Gerð verður grein fyrir niðurstöðum efnagreininga frá hverjum þessara staða fyrir sig og getið um eldri efnagreiningar þar sem þurfa þykir. Ekki verður fjallað um boranir í Öxarfirði á síðastliðnu sumri, né aðrar rannsóknir sem þar var unnið að á vegum Orkustofnunar. Slíkt bíður annarrar og ítarlegri skýrslu.

Holur við Skógalón

Tvær holur hafa verið boraðar á hverasvæðinu við Skógalón í landi Ærlækjarsels. Sumarið 1987 var boruð grunn rannsóknarhola, Æ-1, og á síðastliðnu sumri var boruð þar dýpri rannsóknar-/vinnsluhola, Æ-3. Sýni af vatni úr báðum holum hafa verið efnagreind og eru niðurstöður sýndar í Töflu 1. Sýni úr holu Æ-1 var tekið 13. september 1987, en úr holu Æ-3 þann 25. september 1988. Sýnataka úr Æ-1 fór fram á þann hátt, að loftdaðt var úr holunni með lítillo loftpressu, þar sem ekki var sjálfrenndi frá holunni. Úr Æ-3 var aftur á móti sjálfennandi vatn, 35-40 l/s.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns úr Æ-1 og Æ-3 (mg/kg).

| Hola Númer | Æ-1 87-0119 | Æ-3 88-0149 |
|--|-------------------------|-------------------------|
| Hiti ($^{\circ}\text{C}$) | 98 | 90 |
| Leiðni (($\mu\text{s}/\text{cm}$))/ $^{\circ}\text{C}$) | 7600/22 | 4700/22 |
| Sýrustig (pH/ $^{\circ}\text{C}$) | 9,5/15 | 8,1/16 |
| Kísill (SiO_2) | 139,0 | 125,6 |
| Natríum (Na) | 1250 | 921 |
| Kalí (K) | 77,3 | 48,3 |
| Kalsíum (Ca) | 259 | 154 |
| Magnesíum (Mg) | 0,18 | 0,46 |
| Járn (Fe) | <0,025 | <0,025 |
| Mangan (Mn) | <0,05 | <0,05 |
| Karbónat (CO_2) | 12,4 | 21,7 |
| Súlfat (SO_4) | 138 | 90,3 |
| Brennist.vetni (H_2S) | <0,05 | <0,05 |
| Klóríð (Cl) | 2460 | 1555 |
| Flúoríð (F) | 0,65 | 0,21 |
| Uppleyst efni | 4630 | 2982 |

Vatnið úr holunum er lítillega yfирmettað með tilliti til kalks (CaCO_3) eins og algengt er um jarðhitavatn hér á landi. Vatnið er salt, þó verulegur munur sé á styrk klóríðs og seltan virðist minnka eftir því sem vatnið kemur af meira dýpi. Þó er erfitt að fullyrða um þetta, þar sem dýpri holan (Æ-3) tekur vatn úr tveimur vatnskerfum. Aðalæðin í holunni, sem er á 140m dýpi er yfir 100°C heit og einnig virðist vera lítil heit æð næri botni. Á milli þeirra, á 180-220m dýpi kemur inn mikið kaldara vatn, $30-40^{\circ}\text{C}$. Mismunandi selta í þessum vatnskerfum gæti skýrt mismunandi seltu í Æ-1 og Æ-3 .

Útfellingar sem teknar voru á rörenda í útrennsli frá holu Æ-3 reyndust vera halít (NaCl , matarsalt) og anhydrit (CaSO_4), en báðar þessar steindir myndast við uppgufun á sjó eða söltu vatni. Þar sem vatnið er svo salt sem raun ber vitni má búast við kalkútfellingum við nýtingu þess. Annars er um vatnið að segja, að það er ekki nýtanlegt til beinnar upphitunar fyrir hitaveitu, en trúlega má nota það á varmaskipta. Þó er ráðlagt að slíkt verði kannað betur áður en ráðist verður í kostnaðarsamar framkvæmdir.

Efnahiti vatns úr holum Æ-1 og Æ-3 reiknast um 120°C , en þar sem vatnafræðin í setlögunum sem holurnar skera er flókin, svo sem með tilliti til blöndunar misheitra og missaltra vatnsgerða, þá er erfitt að meta hversu öruggir slíkir útreikningar eru. Frekar má þó búast við að útreiknaður efnahiti sé of lágor en of hár.

Talsvert gas kemur upp með vatninu í báðum holunum og eru niðurstöður efnagreininga þess sýndar í Töflu 2. Hola Æ-1 safnar á sig gasi þegar henni er lokað og var gasinu safnað eftir að hún hafði staðið lokuð í sólarhring.

Tafla 2. Efnasamsetning gass úr Æ-1 og Æ-3 (rúmm. %).

| Hola Númer | Æ-1 87-0119 | Æ-1 88-0211 | Æ-3 88-0149 |
|--|----------------|----------------|----------------|
| Karbónat (CO_2) | 0,15 | 0,14 | 0,08 |
| Brennisteinsvetni (H_2S) | 0 | 0 | 0 |
| Vetni (H_2) | 0,12 | 0,12 | 0,04 |
| Sírefni + Argon ($\text{O}_2 + \text{Ar}$) | 1,74 | 1,22 | 1,72 |
| Methan (CH_4) | 3,66 | 3,93 | 3,66 |
| Köfnunarefni (N_2) | 94,33 | 94,17 | 94,43 |
| Ethan (C_2H_6) | ~0,3 | ~0,4 | ~0,3 |

* Greint sem ethan, en um er að ræða ethan og nokkur önnur kolvetni.

Gasið er að mestum hluta köfnunarefni, eins og titt er um gas á lághitasvæðum hér-lendis. Þó vekur athygli magn kolvetna, svo sem methans, en þó sérstaklega það sem greint hefur verið sem ethan á gasgreini Orkustofnunar. Til að kanna þetta nánar var gassýni úr holu Æ-1 sent til efnagreininga hjá efnarannsóknarstofu á Englandi. Niðurstöður þeirra greininga eru þær, að í gasinu greindist auk ethans, própan, bútan og pentan. Nýtt sýni úr holu Æ-1 auk sýnis úr holu Æ-3 hefur verið sent til efnagreininga á sama stað, en niðurstöður liggja ekki fyrir.

Styrkur kolvetna í gasinu vekur athygli en própan, bútan og pentan hafa ekki greinst áður í gasi-hérlandis svo kunnugt sé. Í framhaldi af því má velta því fyrir sér-hvernig stafi á þessum kolveturnum í gasinu. Vitað er að þykkur setlagastafla er fyrir botni Öxarfjarðar og holar Æ-1 og Æ-3 skera efsta hluta setlaganna. Ekki er vitað hvað leynist í setlögum þessum, en efnasamsetning gassins bendir til þess að það sé að hluta myndað vegna niðurbrots lífræns efnis. Nánari túlkun bíður þó þar til niðurstöður efnagreininga á þeim sýnum sem send hafa verið til Englands, liggja fyrir. Hér er þó rétt, að fram komi umsögn enska sérfræðingsins, sem greindi sýnið úr holu Æ-1:

"I think the results are interesting: the $\text{C}_1/\Sigma\text{C}_n$ ratio seems to put the gas in the cata-genetic hydrocarbon group - i.e. oil-associated gas".

Holur á Núpsmýri

Sýni til efnagreininga hafa verið tekin úr fjórum holum á Núpsmýri. Þrjú sýni voru tekin úr volgu holunni N-1, en eitt úr hverri hinna, N-2, N-5 og N-6. Tvö sýni voru tekin úr holu N-1 þann 28. júní, þegar hún var í dælingu daginn eftir að borun lauk (sýni 88-0077 og 88-0078), en það þriðja var tekið úr sjálfrennsli þann 24. september síðastiðinn. Sýni úr holum N-2 og N-5 voru einnig tekin 24. september, en úr holu N-6 var sýni tekið þann 14. október. Þá var verið að dæluprófa holuna (~40 l/s). Niðurstöður efnagreininga á vatni úr holum á Núpsmýri eru sýndar í Töflu 3.

Tafla 3. Efnasamsetning vatns í holum á Núpsmýri (mg/kg).

| Hola Númer Hiti (°C) Leiðni ((μ s/cm)/°C) | N-1 88-0077 | N-1 88-0078 | N-1 88-0147 | N-2 88-0146 | N-5 88-0145 | N-6 88-0166 |
|---|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Sýrustig (pH/°C) | 8,0/21 | 8,0/21 | 7,8/15 | 9,6/15 | 9,3/15 | 9,6/16 |
| Kíssill (SiO_2) | 32,2 | 31,0 | 36,5 | 19,0 | 18,2 | 18,3 |
| Natríum (Na) | 1511 | 1507 | 1865 | 78,1 | 77,1 | 63,9 |
| Kalí (K) | 69,5 | 69,3 | 86,4 | 3,3 | 4,0 | *** |
| Kalsíum (Ca) | 115 | 114 | 152 | 1,1 | 2,2 | *** |
| Magnesíum (Mg) | 39,3 | 39,1 | 60,1 | 0,85 | 1,8 | 1,3 |
| Járn (Fe) | 0,05 | 0,05 | 0,1 | <0,025 | 0,2 | 0,025 |
| Mangan (Mn) | 0,15 | 0,15 | 0,2 | <0,05 | 0,05 | <0,05 |
| Karbónat (CO_2) | 59,1 | 56,7 | 58,6 | 60,1 | 33,3 | 42,5 |
| Súlfat (SO_4) | 309 | 314 | 390 | 10,4 | 14,0 | 11,2 |
| Brennist.vetni (H_2S) | <0,03 | <0,03 | <0,03 | <0,03 | <0,03 | <0,03 |
| Klóríð (Cl) | 2340 | 2371 | 2937 | 41,5 | 74,7 | 48,1 |
| Flúoríð (F) | 0,41 | 0,41 | 0,36 | 0,30 | 0,18 | *** |
| Uppleyst efni | 4563 | 4593 | 4430 | 220 | 229 | 174 |
| Súrefni (O_2) | - | - | 0,1 | 7 | 9 | 9 |
| Nítrat (NO_3) | - | - | 0 | 0,27 | 0,24 | 0,14 |
| Reiknuð selta (%) | 4,2 | 4,3 | 5,3 | 0,07 | 0,13 | 0,09 |

Greiningu á kalí, kalsíum og flúor í vatni úr N-6 er ekki lokið á þessari stundu. Annars er fátt eitt um niðurstöður efnagreininga að segja. Sýrustig vatns úr volgu holunni N-1 er um 8, en talsvert hærra á kalda vatninu úr holum N-2, N-5 og N-6, þar sem það er nærri 9,5. Jafnframt er vatnið úr volgu holunni mikið saltara, útreiknuð selta um 5‰ á móti u.p.b. 0,1‰ í ferskvatnsholunum. Járn og mangan magn í volgu holunni er nokkuð hátt (0,2-0,3 samtals) eins og tit er um volgt og salt vatn í Öxarfirði. Aftur á móti mælist nánast ekkert járn eða mangan í ferskvatnsholunum, nema í sýni úr N-5. Skýring á háum járn og mangan styrk í vatni úr N-5 kann að vera sú, að við sýnatöku var nánast ekkert rennsli úr holunni og hafði vatn því "staðið" í fóðurrörinu um nokkurn tíma. Rétt er þó að benda á einnig, að vatnið úr holu N-5 er næstum því tvöfalt saltara en vatn úr N-2 og N-6, þrátt fyrir óverulegan mun í efnasamsetningu að öðru leyti.

Kalt vatn við Sigtún

All vatnsmiklar kaldavatnslindir koma upp í túnfætinum í Sigtúnnum, nokkra tugi metra neðan við nýja íbúðarhúsið. Hiti mældist nokkuð mismunandi í upptökum, á bilinu 6-7°C. Þar var sýni 88-0148 tekið. Nokkrum kílómetrum sunnar koma fram stórar kaldavatnslindir. Sumarið 1987 var tekið sýni úr einni þeirra. Sú er um 10 m neðan (vestan) við veg rétt hjá ræsi sem vegurinn fer yfir. Nánari staðsetningu má fá hjá höfundi eða Birni í Sandfellshaga. Niðurstöður efnagreininga á sýnum þessum eru sýndar í Töflu 4.

Tafla 4. Efnasamsetning vatns við Sigtún (mg/kg).

| Staður Númer | Lind v/veg 87-9054 | Lind v/Sigtún 88-0148 |
|---|-----------------------|--------------------------|
| Hiti (°C) | 3,6 | 6,5 |
| Leiðni ((μ s/cm)/°C) | 112/24 | 147/22 |
| Sýrustig (pH/°C) | 8,3/24 | 8,6/15 |
| Kísill (SiO_2) | 19,2 | 21,0 |
| Natríum (Na) | 13,3 | 25,1 |
| Kalí (K) | 1,4 | 1,8 |
| Kalsíum (Ca) | 5,9 | 2,1 |
| Magnesíum (Mg) | 2,4 | 2,8 |
| Járn (Fe) | <0,025 | <0,025 |
| Mangan (Mn) | <0,05 | <0,05 |
| Karbónat (CO_2) | 32,4 | 45,1 |
| Súlfat (SO_4) | 2,8 | 5,2 |
| Brennist.vetni (H_2S) | <0,03 | <0,03 |
| Klóríð (Cl) | 6,9 | 6,4 |
| Flúoríð (F) | 0,08 | 0,18 |
| Uppleyst efni | 60 | 92 |
| Nítrat (NO_3) | 0,47 | 0,46 |

Vatnið úr báðum ofangreindum lindum virðist vera ágætt. Sýrustig er nærrí 8,5 og styrkur járns og mangans er innan við það sem mælist með þeim greiningar-aðferðum, sem beitt er á Orkustofnun.